

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

48. fundur.

að Hlíðavegi 6, 14.12. 2004, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
 2. Tengsl samfélags og vistkerfis við Mývatn. Fulltrúi umhverfisráðuneytis mætir á fundinn.
 3. Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins þar sem óskað er umsagnar Skútustaðahrepps um leyfisbeiðni Landsvirkjunar til rannsókna á jarðhita við Gjástykki. Ennfremur óskar Landsvirkjun eftir fyrirheiti um forgang að nýtingarleyfi á svæðinu. (Frestað á síðasta fundi).
 4. Fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
 5. Fundargerð skólanefndar frá 15. nóv. 2004.
 6. Erindi Rannsóknar og ráðgjafar um sögukort.
 7. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 13. des.
 8. Snow Magic verkefnið.
 9. Breyting á aðalskipulagi í Jarðbaðshólum og gerð deiliskipulags í Kröflu.
- Til kynningar:
- a) Ályktun bæjarstjórnar Húsavíkurbæjar vegna stöðu atvinnumála í Skútustaðahreppi.
 - b) Bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
 - c) Bréf menntamálaráðuneytis um skipulag skólastarfs í kjölfar verkfalls og svör sveitarstjóra og skólastjóra við því bréfi.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og lagði til að 9. máli yrði bætt á dagskrá.

2. Tengsl samfélags og vistkerfis við Mývatn. Fulltrúi umhverfisráðuneytis mætir á fundinn.

Til fundarins eru mættir Sigurður Þráinsson og Davíð Bjarnason. Þeir félagar kynntu verkefnið og spunnust um það nokkrar umræður. Óskað er eftir að Skútustaðahreppur skipi einn mann í stýrihóp verkefnisins.

3. Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins þar sem óskað er umsagnar Skútustaðahrepps um leyfisbeiðni Landsvirkjunar til rannsókna á jarðhita við Gjástykki. Ennfremur óskar Landsvirkjun eftir fyrirheiti um forgang að nýtingarleyfi á svæðinu. (Frestað á síðasta fundi).

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar áhuga á rannsóknum og nýtingu á jarðhita í Gjástykki. Land það sem um ræðir er hins vegar ekki í eigu Skútustaðahrepps og því ekki í valdi sveitarstjórnar að mæla með einum umsækjanda fremur öðrum, hvað þá heldur að gefa fyrirheit um nýtingu til framtíðar.

4. Fjárhagsáætlun, fyrri umræða.

Minnisblað.

Fjárhagsáætlun 2005.

Helstu forsendur

- 1) Útsvar verði 13,03%
- 2) Reikna má með um 5% hækkun rekstrargjalda sem einkum skýrast af hækkun launa og verðlagshækkunum. Þá kunna útgjöld vegna fræðslumála að vaxa umfram það sem að framan segir.
- 3) Fjárhagsáætlanir Héraðsnefndarar kynnt með milli 8 og 9 % hækkun en áætlun vegna Sorpsamlags liggur ekki enn fyrir.
- 4) Gera verður ráð fyrir samdrætti í rekstri sveitarfélagsins.
- 5) Tekjur sveitarfélagsins munu lækka í kjölfar vaxandi atvinnuleysis.
- 6) Í ljósi minnkandi tekna þarf einkum að huga að tvennu:
 - A) Að draga úr rekstrarútgjöldum.
 - B) B) Að auka tekjur.
 Ekki verður öðruvísi dregið úr rekstrargjöldum nema með samdrætti í þjónustu, sem aftur þýðir einhverja fækkun starfa þar sem lang stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins eru laun. Þá er nokkurt svigrúm til að auka tekjur, en gjaldstofnar eru ekki allir nýttir. Í því sambandi er hægt að benda á fasteignagjöld, og heilbrigðiseftirlitsgjöld. Þá verður að fylgjast gjörlla með að gjaldskrár fylgi auknum kostnaði vegna viðfangsefna.

Skrifstofu Skútustaðahrepps falið að vinna að gerð fjárhagsáætlunar í ljósi þess sem að framan segir.

5. Fundargerð skólanefndar frá 15. nóv. 2004.

Liður 2. Ákvörðunum um kaup á búnaði vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Liður 3. Frágangi á lóð vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Liður 4. Ákvörðun um kaup á búnaði og lagfæringa vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Varðandi gerð námsskrár er eðlilegt að skólanefnd leggi drög að stefnu sveitarfélagsins í leikskólamálu í samræmi við grein 2.2.2. í beinagrind sem vísað er til í fundargerðinni.

6. Erindi Rannsóknar og ráðgjafar um sögukort.

Sveitarstjórn mun ekki taka þátt í verkefninu.

- 7. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 13. des.**
 Liður 1. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.
 Liður 2. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með aðilum í janúar.
 Liður 3. Frestað til næsta fundar þar sem enn hafa ekki borist boðaðar athugasemdir frá Hjörleifi Sigurðarsyni.
- 8. Snow Magic verkefnið.**
 Fengist hafa viljrði um styrk frá Atvinnuleysistryggingasjóði í formi atvinnuleysisbóta til að ráða nokkra starfsmenn til vinnu við verkefnið. Sveitarstjóra falið að vinna að frekari útfærslu í samvinnu við Gunnar Jóhannesson verkefnisstjóra Snow Magic, en hann hefur haft forgöngu um málið.
- 9. Breyting á aðalskipulagi og gerð aðalskipulags í Bjarnarflagi og gerð deiliskipulags í Kröflu.**
 Á 44. fundi var sveitarstjóra falið að vinna áfram að breytingum og gerð aðalskipulags í Bjarnarflagi sem og að gerð deiliskipulags í Kröflu. Fyrir fundinum liggja teikningar dags. 10.12. 2004 af aðalskipulagi unnar af Finni Kristinssyni, Landslagi ehf og teikningar af deiliskipulagi dags. 18.11. 2004 unnar af sama. Teikningarnar eru í samræmi við áður samþykktar tillögur sem fyrir sveitarstjórn lágu. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga þar sem Umhverfisstofnun féllst ekki á tillögurnar, en í ljósi þágildandi laga um verndun Laxár og Mývatns hafði Umhverfisstofnun neitunarvald í málinu. Nú hefur lögunum hins begar verið breytt og neitunarvald Umhverfisstofnunar ekki lengur fyrir hendi. Sveitarstjórn samþykkir tillögurnar og felur sveitarstjóra að afla heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillögurnar í samræmi við skipulagslög.

Til kynningar. Eftirfarandi bréf lögð fram til kynningar:

- a) **Ályktun bæjarstjórnar Húsavíkurbæjar vegna stöðu atvinnamála í Skútustaðahreppi.**
- b) **Bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.**
 Í bréfinu kemur fram að nefndin telur skýringar sveitarstjórnar á niðurstöðu ársreiknings 2003 og fráviki frá fjárhagsáætlun fullnægjandi. Þá segir nefndin fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sterka og telur ekki ástæðu til að hafa fjármál sveitarfélagsins lengur til sérstakrar skoðunar.
- c) **Bréf menntamálaráðuneytis um skipulag skólastarfs í kjölfar verkfalls og svör sveitarstjóra og skólastjóra við því bréfi.**
 Í svari sveitarstjóra sem ritað er samkv. upplýsingum skólastjóra kemur fram að ekki sé talin þörf á sérstökum aðgerðum í skólastarfi í kjölfar verkfalls kennara.
- d) **Bréf Aðlöðunar um fóðurframleiðslu.**

Fleira ekki gert.
 Fundi slitið.
 Guðrún María Valgeirsdóttir,
 Jón Óskar Ferdinandsson,
 Kristján Stefánsson,
 Birkir Fanndal Haraldsson,
 Böðvar Pétusson.